


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>Lokaáfangi, LOKXS12</b>	
	<b>Námsáætlun vorönn 2016</b>	

<b>Kennari</b>	Sigrún Fanney	<b>Sk.st.</b>	SFS
----------------	---------------	---------------	-----

**Námshgrein:** Náms- og starfsfræðsla, lífsleikni, samfélagsfræði og heilbrigðisfræði.

### Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur fræðslu um þá möguleika sem bjóðast að loknu námi á starfsbraut varðandi frekara nám, störf og áhugamál. Fjallað verður um sjálfstæða búsetu svo sem mismunandi búsetuform, færslu heimilisbókhalds, áætlanir um matarinnkaup, skipulagningu heimilishalds og fleira tengt því. Heilsusamlegt líferni verður til umfjöllunar og sá ávinningur sem felst í því. Þá er fjallað um réttindi, ábyrgð og skyldur einstaklinga sem borgara og þátttakenda í lýðræðissamfélagi. Einnig verður fjallað um þátt stéttarféлага og hlutverk þeirra í samfélaginu og nemendur læra að lesa og skilja launaseðla og hvar sé hægt að nálgast þá sem og upplýsingar um þá. Að auki undirbúa nemendur útskrift að vori og hugsanlegt sameiginlegt ferðalag.

### Viðfangsefni:

Náms- og starfsleiðir eftir starfsbraut, búsetuform, áhugasvið, undirbúningur fyrir útskrift, heimilisbókhald, heilsusamlegt líferni og virkni í samfélaginu.


### Forkröfur:

Nemandi þarf að vera á 8. önn á starfsbraut.

### Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað það þýðir að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi
- hvað þurfi til að búa í sjálfstæðri búsetu
- hvaða möguleika hann hafi til frekara náms

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Lokaáfangi, LOKXS12</b> <b>Námsáætlun vorönn 2016</b>	

- hvar hann leitar eftir starfi og hvaða leiðir hann hefur til að fá það starf sem hann óskar eftir
- mikilvægi frístundastarfa og félagslegrar virkni
- heilsusamlegu líferni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- halda heimilisbókhald
- gera áætlanir um innkaup
- framkvæma þrif á heimili
- leita eftir upplýsingum um opinbera þjónustu s.s á netinu
- afla sér upplýsinga varðandi launaseðla og því tengdu
- lesa innihaldslýsingar með tilliti til hollustu og góðrar heilsu

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta möguleika sína hvað varðar nám, atvinnu og áhugamál
- skipuleggja heimilishald hvort sem er einn eða með öðrum
- nýta sér tómstunda- og félagsstörf
- búa til eigin ferilskrá hvort sem er einn eða með öðrum
- njóta samveru og líðandi stundar
- lifa heilbrigðu lífi


### Námsmat og vægi námsþátta:

Sjálfsmat/jafningjamat, samvinna í hóp 30%, ferilskrá, vinnubók og verkefni 30%, þátttaka og virkni 30%, mat kennara 10%.

### Áfanginn er S/F

Dagsetning: 13.01.16

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils